

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis,
athafnasvæði, reitur A9, Hveragerðisbæ.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 4. júní 2015 breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017, sem samþykkt var í sveitarstjórn Hveragerðisbæjar 13. maí 2015.

Landnotkun á svæði A9 sunnan Suðurlandsvegur og austan Þorlákshafnarvegur verður breytt úr landbúnaðarsvæði og athafnasvæði í athafnasvæði. Svæðið minnkar úr 7,5 ha í 4,7 ha og opið svæði til sérstakra nota stækkar sem því nemur. Nýtingarhlutfall á blandaða reitnum var 0,7 fyrir ylækt og 0,4 fyrir athafnasvæði en verður 0,6 fyrir allan reitinn. Legu aðalstígs og aðkomuvegar fyrir reitina A9 og II er breytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 4. júní 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.